



## Verðskrá hótela í Reykjavík farin að hækka á ný


*Verðskrá hótela í Reykjavík er byrjuð að hækka á ný og var hækkunin nú í maí töluvert meiri en í höfuðborgum hinna Norðurlandanna. Þrátt fyrir að verðið sé tekið að hækka hér á landi er það enn lágt í sögulegu ljósi.*

Verðskrá hótela í Reykjavík er byrjuð að hækka á ný sé horft á verðlagningu í evrum. Meðalverð á herbergi nam 97,9 evrum á nótt í Reykjavík í maí borið saman við 56,5 evrum í fyrra. Verðið er því um 46% hærra í maí í ár en í fyrra. Þetta er annar mánuðurinn í röð sem verðið hækkar á ársgrundvelli en verðhækkunin í apríl nam 21,3%. Á tímabilinu frá mars í fyrra og til sama mánaðar í ár hafði mælst stöðug verðlækkun á 12 mánaða grundvelli. Á því tímabili var lækkunin mest í maí í fyrra en þá lækkaði verðið um 52,5%. Þessi verðhækkun endurspeglar aukna eftirspurn eftir hótलगistingu í Reykjavík og má gera ráð fyrir að verðið haldi áfram að hækka á næstu mánuðum sé litið til verðhækkana á ársgrundvelli. Þrátt fyrir þessa verðhækkun er verðið enn lágt miðað við sama mánuð á árunum fyrir faraldur. Þannig var verðið núna í maí 31% lægra en í maí 2019 og 41% lægra en í maí 2018. Fara þarf aftur til ársins 2011 til að finna lægra verð í maí en í maí á þessu ári.

### Misjöfn verðþróun á hinum Norðurlöndunum


Líkt og í Reykjavík hefur verð á gistingu farið lækandi í öðrum höfuðborgum Norðurlanda eftir að faraldurinn hófst. Verðið er þó einnig byrjað að hækka í sumum hinna höfuðborga Norðurlanda en mun minna en í Reykjavík. Fyrsta hækkun í Ósló eftir faraldur var í maí og hækkaði verðið um 2,6%. Hækkunin í Stokkhólmi var 10,7% í sama mánuði og var það annar mánuður hækkunar í röð en verðið hafði hækkað um 5,7% í apríl. Mun meiri hækkun hér á landi en í Stokkhólmi og Ósló skýrist að mestu leyti af því að verðið hér á landi lækkaði mun meira hér síðastliðið vor. Þannig lækkaði verðið um 53% hér á landi en 31% í Ósló og 40% í Stokkhólmi. Verðið hélt áfram að lækka í Helsinki og

Verð á hótलगistingu í Reykjavík í maí



Heimild: Benchmark Alliance

Verðbreyting á hótलगum á Norðurlöndum í maí



Breyting frá sama mánuði árið áður  
Heimild: Benchmark Alliance




Kaupmannahöfn í maí. Lækkunin var 8,2% í Kaupmannahöfn en 9,2% í Helsinki.

### ***Í höfuðborgum Norðurlanda var verðið hæst í Reykjavík í maí***

Verðið var hæst í Reykjavík í maí 97,9 evrur. Verðið var næsthæst í Kaupmannahöfn, 95,9 evrur. Þar á eftir kom Helsinki með 91,5 evrur, Ósló með 83,9 evrur og Stokkhólmur með 83,1 evru. Verðið á Norðurlöndunum er enn lágt borið saman við síðustu árin fyrir faraldur. Þannig var verðið nú í maí á bilinu 28-38% lægra en það var í maí fyrir tveimur árum. Í flestum tilfellum þarf að leita mörg ár aftur í tímann til að finna lægri verð.

**Verð á hótलगistingu á Norðurlöndum í maí**



Heimild: Benchmark Alliance

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.